

Starfsskýrsla



leikskólans Birkilundar

veturinn 2011-2012

Efni:

1.	Starfstími	2
2.	Leikur og starf	2
3.	Nemendafjöldi	6
4.	Starfsmannahald	6
5.	Aðalnámskrá leikskóla.....	6
6.	Skólanámskrá	6
7.	Sérkennsla	6
8.	Fundir og önnur samskipti	7
9.	Símenntun	7
10.	Tölvumál8
11.	Próunarverkefni8
12.	Mat á skólastarfi	9
13.	Framkvæmdir	9
14.	Gjafir	9

Fylgiskjöl:

1. Ársáætlun 2011-2012
2. Dagatal
3. Samantektarskýrsla vegna innra mats í Birkilundi veturinn 2011-2012,

1. Starfstími

Starfsárið var frá 8. ágúst 2011 til 6. júlí 2012. Í ársáætlun, sem send var til allra foreldra í september, er talið upp starfsfólk og vinnutími þess, starfið á deildunum og skipulags- og námskeiðsdagar. Sjá *fylgiskjal 1*.

Mánaðarlega er sent heim dagatal með matseðli og helstu viðburðum og fréttum. Sjá *fylgiskjal 2*.

Opnunartími leikskólans er frá 7:45-16:00.

2. Leikur og starf

Skipulagt starf fór af stað í september. Meginþemað er: *Ég sjálfur, umhverfi mitt og náttúran*. Unnið er út frá því á margvíslegan hátt í leik og starfi. Í ársáætlun er fjallað nánar um starfið á deildunum.

Við höfum farið í íþróttahúsið tvisvar í viku í vetur. Annan daginn hafa öll börnin af eldri deildinni farið og hinn daginn eldri börnin af yngri deildinni. Það hefur verið farið með hópa í bókasafn Varmahlíðarskóla og fengnar lánaðar bækur. Einnig hefur verið farið í gönguferðir um skóginn og nágrennið og niður að Húseyjarkvíslinni. Elstu börn leikskólans hafa farið í heimsóknir inn í bekki í Varmahlíðarskóla og börn þaðan komið til okkar. Skógarlundur heitir svæðið sem við högum helgað okkur í skóginum við hliðina á leikskólanum. Þangað fara börnin af og til og fá að tálga og saga, klifra og brasa ýmislegt sem þeim dettur í hug.

Kristín Halla Bergsdóttir var með tónlistarkennslu einu sinni í viku, bæði á yngri og eldri deild.

Haldið var áfram með verkefnið „Gaman saman“, sem hefur það að markmiði að auka samskipti milli Varmahlíðarskóla og Birkilundar, skapa félagsleg tengsl milli eldri og yngri barna og auðvelda börnunum að flytjast á milli skólastiga.

Helstu viðburðir í skólastarfinu í vetur voru eftirfarandi:

September

- Mánudag 26. kom 1. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn. Þau skiptu sér niður á Könglaland, Kvistaland og Furuland, voru u.þ.b. 20 mínútur á hverjum stað og skiptu síðan, þannig að allir fengu að fara á öll svæðin. Á hverju svæði tóku þau þátt í því starfi sem þar var í gangi.

Október

- Mánudag 3. voru heimsóknir milli deilda.

- Mánudag 17. var náttfatadagur. Þann dag var tekin stund á hverri deild til að skemmta sér í náttfötunum. Fyrsti bekkur Varmahlíðarskóla kom á náttfataball með Hundahóp (2 elstu árgangarnir) milli kl 10 og 11.
- Miðvikudag 27. héldum við upp á alþjóðlega bangsadaginn með því að börnin fengu að koma með bangsa með sér í skólann.
- Mánudag 31. kom 3. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn.

Nóvember

- Þriðjudag 1. var rugldagur. Snéru fötin þá öfugt á einhvern hátt, eða sokkarnir voru ósamstæðir. Matartímarnir rugluðust líka eitthvað svo morgunmaturinn var um miðjan dag.
- Mánudag 7. voru heimsóknir milli deilda.
- Þriðjudag 8. var dagur gegn einelti. Í tilefni af því mynduðu börn og kennarar stóran hring í garðinum og sungu lagið Við erum vinir.
- Fimmtudag 10. fóru Seppar (elsti árgangur leikskólans) í tölvutíma með 2. bekk Varmahlíðarskóla.
- Miðvikudag 16., í tilefni af degi íslenskrar tungu, komu börn í 7. bekk Varmahlíðarskóla og lásu sögur fyrir leikskólabörnin.
- Mánudag 21. fóru Seppar í heimilisfræði hjá 5. bekk Varmahlíðarskóla.
- Miðvikudag 23. fóru Seppar í smíði með 4. bekk Varmahlíðarskóla.

Desember

- Fimmtudag 1. skárum við út í laufabrauð með börnunum á Könglalandi.
- Mánudag 5. kom 2. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn.
- Miðvikudag 7. bauð foreldrafélagið upp á leiksýningu um Pétur og úlfinn í flutningi Brúðuheima. Sýningin var í Varmahlíðarskóla. Starfsmenn á Könglalandi fylgdu þangað þeim börnum af deildinni sem ekki fóru í fylgd foreldra.
- Mánudag 12. var farið í Ljósagöngu um Varmahlíð. Jólaljósín voru skoðuð og sum börnin voru með vasaljós til að lýsa upp skammdegið.
- Mánudag 12. tóku Seppar þátt í Tarsanleik í íþróttahúsinu ásamt yngstu bekkjum Varmahlíðarskóla.
- Þriðjudag 14. voru bakaðar piparkökur. Þær voru skreyttar næstu daga á eftir og síðan boðið upp á þær á jólaballinu.
- Föstudag 16. fóru Seppar og skoðuðu Piparkökuhús í Varmahlíðarskóla og fengu að taka þátt í að kjósa flottasta húsið.
- Mánudaginn 19. héldu Birkilundur og Varmahlíðarskóli sameiginlegt jólaball í Miðgarði. Fjórfi bekkur Varmahlíðarskóla flutti helgileik, skólakórar sungu og leikskólabörnin sungu, það komu jólasveinar og það

var gengið með þeim í kring um jólatréð við píanóundirleik Friðriks Þórs Jónssonar. Í lokin var boðið upp á kaffi, safa og piparkökur. Það voru um 250 manns á ballinu og heppnaðist það ágætlega en þó eru nokkur atriði sem þarf að huga betur að ef ákveðið verður að hafa þetta með sama sniði að ári.

Janúar

- Mánudaginn 9. kom 4. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn.
- Föstudaginn 14. voru heimsóknir milli deilda.
- Mánudaginn 23. kom 1. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn.
- Mánudaginn 30. var haldið upp á 13 ára afmæli Birkilundar með því að bjóða foreldrum til morgunverðar. Var boðið upp á hafragraut, slátur, brauð og súrmat. Það voru 14 manns sem þáðu það boð.

Febrúar

- Mánudaginn 6., í tilefni af degi leikskólans, gengum við upp í Varmahlíðarskóla og tókum þar þátt í samveru á sal. Leikskólabörninn sungu 3 lög, grunnskólabörninn sungu og svo sungu allir saman.
- Þriðjudaginn 14. fóru Seppar í myndmennt með 7. bekk Varmahlíðarskóla.
- Miðvikudaginn 15. fóru Seppar í textílmennt með 7. bekk Varmahlíðarskóla.
- Fimmtudaginn 16. komu nemendur úr Tónlistarskóla Skagafjarðar og spiluðu fyrir börnin.
- Á öskudaginn, 22. febrúar, vorum við með grímuball fyrir öll börnin milli kl 10 og 11. Góð mæting var. Deildirnar voru hver fyrir sig. Það var snakk í tunnunni.

Mars

- Þriðjudaginn 6. kom 5. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn í Birkilund.
- Fimmtudaginn 15. fóru Seppar í náttúrufræði með 10. bekk.
- Föstudaginn 16. fór Hundahópur (árgangar 2006 og 2007) í Miðgarð á lokaæfingu á Ljóninu sem var árshátíðarverkefni 1.-6. bekkjar Varmahlíðarskóla.
- Mánudaginn 19. fóru árgangar 2006 og 2007 í heimsókn í slökkvistöðina. Guðmundur slökkviliðsstjóri tók á móti þeim þar og sýndi þeim búnað og aðstöðu.

Apríl

- Þriðjudaginn 10. fóru Seppar í íþróttir með 8. og 9. bekk.

- Mánudaginn 16. kom 6. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn.
- Mánudaginn 23. fór árgangur 2008 ásamt 3 kennurum upp í Víðimýri og skoðaði þar kirkjuna og garðinn.

Maí

- Miðvikudaginn 2. var farið í sveitaferð með öll börnin sem voru í leikskólanum. Við fórum í Grænumýri. Þar sáum við kindur, geitur, kanínu og hunda.
- Mánudaginn 7. fóru Seppar í heimsókn í Byggðasafnið í Glaumbæ, þar sem starfsmaður safnsins sýndi þeim það markverðasta sem þar var að sjá. Á eftir borðuðu þau hamborgara í K.S.Varmahlíð.
- Mánudaginn 14. var meiningin að Seppar færu í gönguferð með 1., og 2. bekk Varmahlíðarskóla en þar sem það var norðan rok og hríðarsliturur var 1. og 2. bekk í staðinn boðið að koma í leikskólann þar sem allir gátu leikið sér og veðrið skipti ekki máli.
- Þriðjudaginn 15. fóru Seppar í sund með 6. bekk Varmahlíðarskóla.
- Miðvikudaginn 23. kl 10:30 var 1. bekk Varmahlíðarskóla og leikskólabörnunum boðið á lokaæfingu á Geitunum þrem í flutningi Seppa. Gekk það fljótt og vel fyrir sig.
- Miðvikudaginn 23. kl 14:00 var útskrift Seppa. Fjölskyldum barnanna var boðið að koma. Börnin fluttu Geiturnar þrjár, fengu síðan afhenta vvvvvvvvc möppu með verkefnum vetrarins, kveðjuskjal og rós. Síðan var boðið upp á kökur, mjólk og kaffi. Það voru 10 manns sem mættu en börnin sem útskrifuðust voru 3.
- Miðvikudaginn 30. var Reykjarhólsdagur. Þann dag var gengið á Reykjarhólinn með mjólk og brauð í nesti. Það voru börnin af Könglalandi (eldri deildinni) sem gengu á hólinn. Eldri börnin af Kvistalandi gengu hring í skógræktinni og þau yngstu börnin fóru í skóginn við hliðina á leikskólanum, léku sér þar og fengu nesti. Veðrið var ágætt.
- Þriðjudaginn 29. voru settar niður kartöflur.

Júní

- Fimmtudaginn 7. stóð foreldrafélagið fyrir sumarhátíð í garðinum við leikskólann frá kl 16 til 18. Skoppa og Skrýtla skemmtu og síðan var boðið upp á grillaðar pylsur og ís. Veðrið var ágætt, norðan gola og þokkalega hlýtt. Sólin lét líka eitthvað sjá sig. Það mættu öll leikskólabörnin nema 2, annað þeirra var veikt og hitt í útlöndum. Alls voru um 100 manns í garðinum.

3. Nemendafjöldi

1. des. 2011

Aldur	Meðalnýting		Fjöldi			Dvalarst.	Dvalarg.
	F.h.	E.h.	Drengir	Stúlkur	Alls		
Árg. 2006	2,8	2,1	2	1	3	20,7	2,1
Árg. 2007	6,8	5,6	5	2	7	50,55	6,3
Árg. 2008	10,0	5,8	4	7	11	70,53	11,5
Árg. 2009	4,6	2,8	3	2	5	31,7	6,3
Árg. 2010	7,4	4,8	4	4	8	53,45	13,4
	29,8	15,0	18	16	34	226,93	39,6

4. Starfsmannahald

1. des 2011

	Starfsfólk alls		Starfsfólk í starfi		Ársleyfi	
	fjöldi	stöðug.	fjöldi	stöðug.	fjöldi	stöðug.
Leikskólakennarar	5	4,40	3	2,75	2	1,65
Grunnskólakennarar	1	1,00	1	1,00		
Ófagl. starfsmenn	5	3,90	5	3,90		
Eldhús	1	0,75	1	0,75		
Ræsting	1	0,38	1	0,38		
Alls	13	10,43	11	8,78		

5. Aðalnámskrá leikskóla

Ný aðalnámskrá leikskóla var samþykkt sumarið 2011.

6. Skólanámskrá

Skólanámskrá var endurskoðuð veturinn 2010-2011. Nú liggur fyrir að endurskoða þarf þá útgáfu með hliðsjón af nýrri Aðalnámskrá leikskóla.

7. Sérkennsla

Guðbjörg Sigfúsdóttir sérkennslustjóri fór í ársleyfi frá 1. júní 2011 og var enginn ráðinn í hennar stað. Steinunn leikskólustjóri hafði umsjón með sérkennslu í vetur og sinnti henni að hluta. Tveir drengir hafa fengið þjálfun einu sinni í viku í R-hóp. Þeir hafa einnig fengið víðtækari málörvun seinni hluta vetrar eftir að hafa farið í málproskapróf hjá Ingu Huld talmeinafræðingi.

8. Fundir og önnur samskipti

Almennur foreldrafundur var þriðjudaginn 4. október. Steinunn kynnti starfið í Birkilundi og síðan voru almennar umræður um vetrarstarfið og starfsemi foreldrafélagsins.

Foreldrar voru boðaðir í einstaklingsviðtöl hjá deildarstjórum/leikskólakennurum í febrúar og mars þar sem farið var yfir stöðu barnanna í leikskólanum og annað sem snerti veru þeirra hér.

Í vetur hafa verið haldnir 1-2 deildarstjórafundir í mánuði, 9 fundir voru haldnir fyrir áramót og 10 eftir áramót, alls 19 fundir á starfstímanum og voru þeir allir innan venjulegs vinnutíma.

Enginn fagfundur var haldinn í vetur.

Starfsmannafundir voru u.þ.b. annan hvern þriðjudag frá kl 16-17, alls 16 klst. á starfsárinu. Lokað var 2 daga í dymbilviku á móti þessum tímum. Auk þess voru starfsmannafundir á skipulagsdegi í ágúst og júní. Deildafundir voru haldnir einu sinni í mánuði. Alls voru deildarfundir fyrir Könglaland 9 en 8 fyrir Kvistaland. Deildarfundir eru haldnir á dagvinnutíma.

SMT teymi hefur hist einu sinni í mánuði. Teymið skipa Steinunn leikskólastjóri, Ragnheiður Lára og Sigríður deildarstjórar. Auk þeirra hafa aðrir starfsmenn skipst á að sitja þessa fundi, einn í hvert skipti. Selma Barðdal er verkefnisstjóri og hefur setið þessa fundi auk þess að vera með kynningar fyrir kennara skólans. Byrjað var að innleiða SMT til barnanna í mars.

Leikskólastjórar allra leikskólanna í Skagafirði hittust á fundum með Herdísí fræðslustjóra. Fyrir áramót voru 2 slíkir fundir, en eftir áramót voru 4 fundir. Voru aðstoðarleikskólastjórar/staðgenglar með á einum fundi.

Tveir unglingar komu í vinnu í júní á vegum vinnuskólans.

9. Símenntun

Skipulagsdagur að hausti var fimmtudaginn 19. ágúst. Sameiginlegur fundur var fram að hádegi en eftir hádegi var sameiginlegur fræðsludagur skólanna í Skagafirði, haldinn í Miðgarði.

Boðað var til haustþings á Blönduósi fyrir starfsfólk leikskóla á norðurlandi vestra föstudaginn 30. september 2011. Fyrir hádegi var fyrirlestur um hláturjoga og jákvæðni á vegum Þekkingarmiðlunar. Eftir hádegi var fyrirlestur frá Blátt áfram um kynferðislegt ofbeldi.

Föstudaginn 9. og þriðjudaginn 13. september fór Ragnheiður Lára á námskeið í Stig af stigi, sem haldið var á Akureyri.

Priðjudaginn 11. október fór Margrét og kynnti sér starfið í Brúsabæ á Hólum.

Föstudaginn 4. nóvember fóru Steinunn, Fanney og Margrét á náскеiðið: Árangursrík málörvun - mat á árangri, sem haldið var á Akureyri kl 13:00-16:30. Fyrirlesari var Ásthildur Bj. Snorradóttir.

Priðjudaginn 8. nóvember hófu Ragnheiður Lára og Steinunn setu á námskeiði um PMT. Það var haldið á Sauðárkróki. Fór það fram í tveggja daga lotum í 4 skipti. Lauk því með útskrift föstudaginn 4. maí.

Mánudaginn 14. nóvember fóru Ragnheiður Lára, Sigríður og Steinunn á málþing um aðalnámskrá leikskóla, sem haldið var á Akureyri.

Priðjudaginn 15. nóvember fór Steinunn á Samráðsþing FSL á Akureyri.

Fimmtudag 1. og föstudag 2. mars fór Steinunn í vorferð stjórnenda ásamt öðum skólástjórum í Skagafirði og Herdísí fræðslustjóra. Farið var í Krikaskóla í Mosfellsbæ og Heiðaskóla í Hvalfjarðarsveit. Í báðum þessum skólum er leik- og grunnskóli undir einni stjórn. Auk þess heimsóttum við Fræðsluskrifstofu í Borgarbyggð.

Mánudaginn 2. apríl fór allt starfsfólk Birkilundar ásamt starfsfólki Tröllaborgar á Akureyri og heimsótti þar leikskólann Flúðir og leikskólann Holtakot, en þeir eru báðir SMT skólar.

Priðjudaginn 24. apríl fóru Steinunn, Sigríður og Ragnheiður Lára í heimsókn í Ásgarð á Hvammstanga og Barnabæ á Blönduósi og kynntu sér þar m.a. flæði.

10. Tölvumál

Nettengd tölva er á skrifstofu leikskólástjóra og á kaffistofu. Auk þess eru tvær fartölvur. Hafa þær verið nýttar aðeins í sérkennslu en aðallega fyrir undirbúning kennara. Ein gömul tölva er staðsett í Furulandi og hafa börnin aðgang að henni. Tölva á kaffistofu er nýtt fyrir viðveruskráningar en ef hún er upptekin þá notast starfsfólk við síma til að ská sig inn og út.

11. Próunarverkefni

Haldið var áfram með verkefnið „Gaman saman“, sem hefur það að markmiði að auka samskipti milli Varmahlíðarskóla og Birkilundar, efla félagsþroska nemenda og auðvelda börnunum að flytjast á milli skólástiga. Verkefnið felst í gagnkvæmum heimsóknum milli skólanna. Fulltrúar í skipulagshóp í vetur voru Birgitta Sveinsdóttir, Lára Gunnðís Magnúsdóttir og Sara Gísladóttir frá Varmahlíðarskóla en frá Birkilundi voru Ragnheiður

Lára Brynjólfsdóttir og Steinunn Arnljótsdóttir. Verkefnið fékk tilnefningu til foreldraverðlauna Heimilis og skóla vorið 2011. Til viðbótar við heimsóknir var haldið sameiginlegt jólaball skólanna.

12. Mat á skólastarfi

Notaður er matslistinn „Barnið í brennidepli“. Fylgir hér með samantektarskýrsla vegna innra mats í Birkilundi veturinn 2011-2012. *Sjá Fylgiskjal 3.* Í framhaldi af mati síðastliðinn vetur var leitað var leiða til að draga úr álagi í hádegistíma á Könglalandi. Var prófað að láta börnin ekki borða öll á sama tíma. Það gafst ekki nógu vel þar sem þá vantaði rými fyrir þau sem voru ekki að borða, en herbergið var of lítið til þess að þau gætu hvílt sig þar eða verið í rólegheitum. Var því snúið til fyrra skipulags, allir borða á sama tíma og síðan er hópnum skipt í tvennt eða þrennt. Í framhaldi af umræðum um árangursvísi 6.1 ræddi leikskólastjóri við Guðmund Þór hjá eignasjóðnum um fyrirhugaðar framkvæmdir í sumar. Kom þar fram að ekki væri gert ráð fyrir neinum framkvæmdum. Leikskólastjóri sparslaði í göt á nokkrum veggjum og málaði yfir, en til voru afgangar af málningu. Útlitið batnaði til muna. Þar sem rætt hefur verið um að flytja leikskólann í annað húsnæði áður en mörg ár líða var ekki gengið hart eftir því að girðingu væri breytt, enda segja framleiðendur að teinarnir eigi að snúa upp, þó slys hafi sýnt fram á ókosti þess.

13. Framkvæmdir

Sett var klemmuvörn á 1 hurð. Málað yfir þá vegg á eldri deild þar sem málningin var verst farin.

14. Gjafir og styrkir

Foreldrafélag Birkilundar gaf leikskólanum 4 trédráttarvélar með kerrum og nokkrum trédýrum.

Varmahlíð 30. ágúst 2012

Steinunn Arnljótsdóttir